


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015	Áfangaheiti ENSK1LR04AV Námsáætlun vorönn 2016	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 3		

Kennari	Anna Berglind Pálmadóttir	Sk.st.	ABP
----------------	---------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing: Lesnir eru stuttir textar auk þess sem nemandinn er markvisst þjálfaður í hlustun. Lögð er áhersla á lestur texta og orðaforða úr daglega lífinu. Farið er í stytta skáldsögur og áhersla lögð á innihald textans. Farið er í grunnatriði þess að lesa milli lína og túlka texta. Notast er við hlustun í yfirferð hluta lestrarefnisins. Lögð eru fyrir stutt ritunarverkefni. Ritun er bæði tengd lesnum textum og reynslu úr daglegu lífi. Nemandinn er þjálfaður í samræðum og tjáningu á enskri tungu. Prófað er munnlega úr innihaldi styttri skáldsagna. Mikil áhersla er lögð á málfræði. Farið er yfir grunnþætti enskrar málfræði og hún tengd öðrum þáttum í kennslu eins og ritun og lestri texta.


Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu málfræðiatríðum og orðflokkum
- nýjum orðaforða
- helstu málfræðiatríðum og geta notað þau á réttan hátt í mæltu og rituðu máli
- notkun hjálpargagna, svo sem notkun stafrænna orðabóka og leiðréttingarforrita

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa og skilja einfalda texta, svo sem blaðgreinar, smásögur og stytta skáldsögur með það að markmiði að auka orðaforða sinn og afla upplýsinga
- nota mismunandi aðferðir við að tileinka sér málfræðiatríði
- skrifa stutta texta um málefni sem hann hefur kynnt sér
- hlusta á enska tungu og skilja inntak efnisins
- koma skoðunum sínum á framfæri munnlega

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Sampykkt: HJS		
Síða 2 af 3	Áfangaheiti ENSK1LR04AV	Námsáætlun vorönn 2016

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- lesa og skilja almenna, einfalda texta og greina frá þeim í aðalatriðum með munnlegum og skriflegum hætti
- gera greinarmun á mismunandi málnotkun eftir aðstæðum og fylgja eftir og taka þátt í samræðum um efni sem farið hefur verið í
- endursegja efni sem hann hefur lesið eða heyrt
- beita mismunandi aðferðum og hjálpargögnum við ritun svo sem orðabækur og leiðréttingarforrit
- skilja og geta greint frá aðalatriðum ýmiss konar texta og finna upplýsingar í texta til að svara einföldum spurningum
- taka þátt í umræðum um ýmisleg málefni og taka tillit til skoðana annarra


Námsgögn:

English for Revision 2 - ENSK1LR04 (fæst á skrifstofu VMA)

Ýmis gögn sem kennari leggur til hverju sinni.

Áætlun um yfirferð:

Vika	Efni
1	Kynning og almenn upprifjun á áfanganum.
2-4	<i>Kafli 1 í English for Revision 2- ENSK1LR04AV (EfR)</i> , lestur, ritun og málfræði (sögnin <i>to be</i> í nútíð og þátíð) <i>auk hlustunarefnis.</i>
5	<i>Byrjað á kafla 2 í EfR</i> (þátíð sagna, stigbreyting lýsingarorða o.fl.)
6	Þemavika: nemendur vinna saman að því að útfæra leikrit eða önnur bókmenntaverk á skapandi hátt. Vetrarfrí 11. og 12. febrúar
7-8	Haldið áfram með kafla 2 auk hlustunarefnis.
9-13	Kafli 3 í <i>EfR</i> , lestur, ritun og málfræði (have to/must sem og annað tilfallandi í málfræði) auk hlustunarefnis. Vika 12: Páskafri
14-17	Kafli 4 í <i>EfR</i> , lestur, ritun og málfræði (persónufornöfn, eignarfornöfn, some/any) auk hlustunarefnis.
18	Upprifjun

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015	Áfangaheiti ENSK1LR04AV Námsáætlun vorönn 2016	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 3 af 3		

Verkefni:

Eftir hvern kafla er próf sem byggir á málfræði og orðaforða. Einnig verða þrjú ritunarverkefni gerð heima og/eða í tímum. Auk þess verða lögð fyrir tvö orðaforðaverkefni og tvö lesskilningsverkefni sem unnin eru í tímum. Vinna í þemaviku er metin til lokaeinkunnar en einnig verða unnin verkefni úr léttlestrarbókum sem lesnar verða í tímum og heima.

Námsmat og vægi námsþátta:

Námsmat	Vægi
Kaflapróf eftir 1., 2. og 3. kafla (3x6%)	18%
Orðaforðaverkefni (2x3%)	6%
Lesskilningur (2x3%)	6%
Ritunarverkefni, (3x3%)	9%
Hlustun (1x3%)	3%
Verkefni tengt þemaviku	10%
Verkefni úr léttlestrarbók	8%
Lokapróf	40%

Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat með leiðsögn en mikilvægt er að nemendur skili öllum verkefnum. Skilafrestur rennur út á miðnætti á skiladag. Nái nemandi ekki að skila á réttum tíma þá lækkar einkunn um einn heilan fyrir hvern virkan dag sem líður. Sé verkefni ekki skilað jafngildir það 0 í einkunn nema fullgildar ástæður séu fyrir hendi að mati kennara.

Dagsetning: 04.01.2016

Anna B. Pálmasd.

Undirritun kennara

Anke-D. Steinke

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils